



ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild

SVARTSENGI

**Borun könnunarholu HSH-15 í gufupúðann
Áfangaskýrsla**

Sigurður Benediktsson, Ásgrímur Guðmundsson,
Grímur Björnsson

Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja

OS-93001/JHD-01 B Janúar 1993



ORKUSTOFNUN

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Verknr. 630221

SVARTSENGI

Borun könnunarholu HSH-15 í gufupúðann Áfangaskýrsla

Sigurður Benediktsson, Ásgrímur Guðmundsson,
Grímur Björnsson

Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja

OS-93001/JHD-01 B Janúar 1993

EFNISYFIRLIT

	bls.
1. INNGANGUR	3
2. BORSAGA	3-5
3. JARÐLÖG OG UMMYNDUN	6
4. BORHOLUMÆLINGAR	7
MYND 1, FRÁGANGUR HOLU Í VERKLOK	8
MYND 2, SNÍÐ BORHOLU OG BORHRAÐI	9
MYND 3, JARÐLAGASNIÐ	10
TAFLA 2, ÚRVINNSLA ÚR BORSKÝRSLUM	11
TAFLA 3, TÍMASKRIFT FYRIR REIKNING JB hf	12
MYND 4, FÓÐRUN MED 14" FÓÐRINGU	13
MYND 5, ÞÉTTING HOLU Í BORUN	14
MYND 6, STEYPING 10 3/4" FÓÐRINGAR	15
MYND 7, STEYPING 8 5/8" FÓÐRINGAR	16
MYND 8, BORUN MED 6 3/4" BORKRÓNU Í 140,6 M	17
MYND 9, VÍDDAR OG HITAMÆLINGAR	18
MYND 10, HITAMÆLINGAR Í UPPHITUN	19
MYND 11, ÞRÝSTIMÆLINGAR	20
MYND 12, JARÐLÖG, BORHRAÐI OG VATNSÆÐAR	21
VIÐAUKI I FÓÐRINGARSKÝRSLUR JARÐBORANA hf	23
VIÐAUKI II BORSKÝRSLUR JARÐBORANA hf	29

1. INNGANGUR

Í skýrslu þessarri er lýst borun holu HSH-15 í Svartsengi með Glaumi. Holan er boruð eftir verklýsingu í skýrslu Orkustofnunar OS-92036/JHD-17 B með breytingum samkvæmt skýrslu OS-92052/JHD-28 B. Verkið er unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja. Borunin tók tuttugu og þrjá daga og gekk vel þrátt fyrir hrún sem varð í holunni, leka sem erfitt var að þéttu í borun og yfirþrýsting í holunni, sem olli þremur smágosum í borun. Borað var á tveimur vöktum óslitið allan sólarhringinn uns verkinu var lokið. Holan var fyrst fóðruð með 14" fóðringu í 13,6 m dýpi og fóðringin steypt, síðan með 10 3/4" fóðringu í 28,8 m og fóðringin steypt og loks með 8 5/8" fóðringu í 97,4 m og fóðringin steypt. Holan var boruð áfram með 6 3/4" borkrónu í 140,6 m dýpi og er sá hluti holunnar ekki fóðraður. Yfirþrýstingur var í holunni í borlok. Í skýrslunni eru teknað saman þær upplýsingar sem safnað var við borunina. Endanlegur frágangur á holunni er sýndur á mynd 1.

2. BORSAGA

Borun 1. áfanga.

Bor Jarðborana hf, Glaumur, var fluttur á staðinn þriðjudaginn 24. nóvember 1992. Borun 1. áfanga fyrir byrjunarfóðringu hófst kl 13:30 fimmtudaginn 26. nóvember. Borað var í gegn um 16" rör sem grafið hafði verið niður í 4,5 m dýpi og steypt fast með borkjallaranum áður en borinn kom á staðinn. Borað var með 15" hjólakrónu og vatni. Ekkert frárennsli var frá holu og kom skolvatnið í fyrstu upp í kjallarann og rann þaðan út um frárennslislögn, síðan tapaðist allt. Bergið var hart og sprungið og létt borinn illa í borun. Þegar komið var í 7 m dýpi hrundi grjót inn í holuna og festi borkrónuna. Borkrónan var losuð og borað hrún nokkrum sinnum frá 5-7 m. Vegna stöðugs hruns undan 16" rörinu var ákveðið að steypa í hrunið. Holan stóð í 6 m. Föstudaginn 27. nóvember var steypt úr 12 pokum af sementi, einum poka af vegsaltı og sandi blandað í steypuna. Holan steyptist upp í 4,5 m dýpi. Borun steypu hófst kl 19:00 um kvöldið. Skol kom upp í fyrstu en tapaðist allt í 7,8 m. Aftur varð hrún í holunni í 8,5 m og hrundi grjót ofan á borkrónuna. Hrunið var margborað frá 8,3 m til 8,7 m en hélt stöðugt áfram svo ákveðið var að steypa aftur. Steypa var laugardaginn 28. nóvember kl 11:00-14:00 í þremur áföngum úr 28 pokum af sementi og einum poka af vegsaltı og var sandi blandað í steypuna. Steypa náði upp í 6 m. Borun steypu hófst eftir tíu tíma bið eftir hörðnun, á miðnætti aðfaranótt sunnudagsins 29. nóvember. Skol kom að mestu upp, bergið var hart og borinn létt illa. Skolið var grátt frá 10,3 m. Bergið linaðist í 11,8 m og skol varð rauðbrúnt frá 11,8 m en ljósara frá 13 m og brúnleitt frá 14 m. Borun fyrir fóðringu var hætt í 14,3 m. Botnfall um 1 m var í holunni og var beðið eftir blautgeli. Botnfallinu var skolað upp með blautgeli, tekið upp úr holunni og holan fóðruð með 14" fóðringu (mynd 4). Stirðlega gekk að koma rörunum niður vegna brengsla en tókst að troða þeim niður í 13,6 m með því að leggja borinn á rörendann. Fóðrun var lokið kl 2:00 aðfaranótt mánudagsins 30. nóvember. Beðið eftir sementi til morguns. Steypan var hrærð í tunnu og helt milli 16" rörsins og 14" fóðringarinnar. Illa gekk að þéttu lekann og var sagi bætt í steypuna undir það síðasta. Steypa var úr 27 pokum af sementi. Borun fyrsta áfanga var þar með lokið og hafði tekið 7 verkdaga með flutningi bors.

Borun 2. áfanga.

Borun annars áfanga tók við án þess að tekið væri frí á bornum. Flans var soðinn á holuna og Grant gosvara komið fyrir. Tveir 2" kæfingastútar og einn 4" stútur voru soðnir á fóðringuna. Borun með 12 1/4" hjólakrónu og tveim stýringum hófst kl 4:00 aðfaranótt þriðjudagsins 1. desember. Steypa í röri var í 11,5 m dýpi. Bergið var lint, rautt og hvítt til skiptis. Í 18,6-19,8 m var komið í mjög lint berg og þar hvarf skolið. Bergið harðnaði í 21,4 m. Komið var í 23,5 m þriðjudagsmorguninn 1. desember kl 8:30 og fór þá holan í gos. Álagsstengurnar (kollar) voru þá dregnir upp í gúmmiið í Grant gosvaranum, 8" frárennslislögn lokað og dælt á holuna bæði gegn um borstreng og kæfingarlögn. Ádælingardæla sem ætluð var til að halda dælingu á fóðringunni meðan á borun stæði var ekki komin á staðinn og var beðið eftir henni. Yfirfall frá kari borsins

var tengt við frárennslisrörið frá Grant gosvaranum og vatn látið renna á holuna um hann ásamt dælingu með bordælunni. Holan tók við öllu vatni sem í hana var látið. Fengin var lítil dæla til steypingar svo ekki þyrfti að dæla steypu með bordælunni. Miðvikudaginn 2. desember voru allar dælur tengdar og tilbúnar til framhalds borunar. Hætt var ádælingu vatns á holuna og steypt í lekann kl 14:00 úr 2 m³ af steypu. Steypt var úr steypubíl frá Steypustöð Grindavíkur. Beðið var hörðnunar steypu til kl 18:45 (4,75 tímar). Holan var ennþá lek svo steypt var úr 33 pokum af sementi kl 22:00. Steypan var látin harðna til kl 5:00 (7 tíma) aðfaranótt fimmtudagsins 3. Holan reyndist enn míglek og var vatn látið renna á holuna meðan beðið var eftir sandsteypu frá steypustöð. Steypt var kl 11:30 fimmtudaginn 3. desember úr 2 m³ af sandsteypu sem dælt var í holuna með steypudælubíl. Þrír pokar af sagi voru settir með steypunni til þéttigar holunnar. Steypa og steypudælubíll voru frá Steypustöð Grindavíkur. Holan fylltist af steypu en steypan seig rólega í 14 m dýpi í holunni til kl 14:00 (mynd 5). Beðið var hörðnunar steypu til kl 22:30 (11 tíma). Steypa boruð frá 14 -16,6 m kl 22:30-23:00 . Steypa reyndist ekki nágu hörð svo beðið var frekari hörðnunar til kl 24:00 (12,5 tímar alls). Haldið var áfram borun steypu frá miðnætti föstudagsins 4. desember. Steypan náði í 20 m. Smá leki var í holunni. Frá 23 m var berg hart. Nú var dælt með bordælu gegnum borstrenginn og aukadælu (Halliburton dæla) á holutoppin samkvæmt verklýsingu. Skol tapaðist í 28 m en þéttist í boruninni en var síðan að koma og fara þar til algjört skoltap varð í 29,4 m. Borað var í 30,6 m og var botnfall 0,6 m. Steypt var í þennan leka tvívegis með sandsteypu. Steypt var fyrst kl 17:13 úr 2 m³. Steypan náði upp í 16 m. Steypt var aftur kl 18:01 úr 1 m³ (fengnir 2m³) og náði steypan upp í 4m (mynd 5) og seig hægt í holunni. Steypan var sigin í 8 m kl 18:20. Sandsteypan og steypudælubíll voru frá Steypustöð Grindavíkur. Steypan seig í holunni og var komin í 11 m á miðnætti. Beðið eftir hörðnun steypu til kl 6:00 á laugardagsmorgun 5. desember (12 tímar). Boruð steypa frá 12 m, steypa endar í 28 m og holan var þétt. Skolað í botn í 30,6 m en þar var smá leki. Botnfall fyrir upptekt var 2 m. Fóðrun með 10 3/4" fóðringu í 28,8 m var lokið kl 15:30 (tók 5 tíma). Fóðringin var steypt úr 5 m³ af steypublöndu sem hrærð var í steypubíl og dælt í fóðurrörið með steypudælu bors. Steypingin hófst kl 16:46 og var lokið kl 17:10. Steypan kom upp og seig lítið milli fóðringa (mynd 6). Steypublandan var 4700 kg sement, 100 kg gel tveir pokar perlusteinn (50 kg) og 3000 lítrar vatn. Eftirdæling var aðeins 600 lítrar af vatni af hættu á að sementið færi allt út úr fóðringunni vegna leka í holunni. Borun annars áfanga tók 5 verkdaga.

Borun 3. áfanga.

Borun þriðja áfanga tók við án þess að tekið væri frí á bornum. Beðið hörðnunar steypu til kl 6:00 sunnudagsmorguninn 6. desember (12:30 tíma). Þá var skorið ofan af fóðringu, soðinn holuflans á fóðringu, 10" holuloka, millistykki, belgosvara (Hidril) og Grant gosvara komið fyrir og belgosvarinn prófaður. Sett var niður 9 7/8" borkróna og tvöföld stýring. Vegna skekkju (halla á fóðringu) þurfti að lagfæra stýringarnar (skera utan af þeim) svo þær kæmust í gegnum 10" holulokann. Borun hófst aðfaranótt mánudagsins 7. desember kl 22:00. Dælt með bordælu gegnum borstrenginn og aukadælu (Halliburton dæla) á holutoppin samkvæmt verklýsingu. Steypa var í 14,5 m innan í fóðringu (hafði aðeins sigið um 3 m). Berg var hart frá 30,5 m en linaðist í 33,3 m en harðnaði aftur í 48,8 m. Í 50,5 m var botnfall í holu 3,6 m og var því skola upp með blautgeli og í 57 m var botnfall 2,7 m sem skolað var upp með blautgeli. Bergið linaðist í 58,4 m og algjört skoltap varð í 58,5 m og kom skol ekki upp eftir það. Ákveðið var að eyða ekki tíma í að þéttu holuna með steypingum en bora áfram með fullu skoltapi í fóðrunardýpi. Borað var áfram og notað blautgel fyrir íbætingar eftir þörfum. Bergið harðnaði í 94 m og borinn lét illa. Borað var í 99,5 m var því lokið kl 13:00 þriðjudaginn 8. desember. Var þá hitamælt í stöngum og eftir upptekt gerðar mælingar á holunni. Ádæling var 40-50 l/s og allt vatn tapaðist. Allar mælingar voru gerðar af með mælingabíl. Gerðar voru hitamælingar og víddarmælingar. Fóðrun holunnar með 8 5/8" fóðringu hófst kl 17:00. Að morgni miðvikudagsins 9. desember bilaði kúpling í bornum. Fóðrun var þá ekki alveg lokið. Viðgerð á bor lauk kl 19:00 fimmtudaginn 10. desember og var fóðrun og tengingum fyrir steypingu lokið kl 1:00 aðfaranótt föstudagsins 11. desember. Efstu 13 m af 8 5/8" fóðringunni voru 13 mm þykkir en þar fyrir neðan voru 83,42 m af 7 mm þykkum rörum.

Fóðringin náði í 97,7 m. Beðið var til morguns að steypa fóðringuna. Fóðringin var steypt að morgni föstudagsins 11. desember (mynd 7). Steypt var úr 10 m³ af steypublöndu sem hrærð var í tveim steypubílum og dælt í fóðurkörið með steypuðælu bors. Steypublandan í hvern bíl var 4700 kg sement, 100 kg gel tveir pokar perlusteinn (50 kg) og 3000 lítrar vatn. Steypingin hófst kl 10:30 og var lokið kl 11:10. Steypan kom ekki upp. Eftirdæling var aðeins 600 lítrar af vatni vegna hættu á að sementið færi allt út úr fóðringunni vegna leka í holunni. Steypt var milli fóðringa kl 14:00 úr 5 m³ af steypublöndu en holan fylltist ekki. Steypt var aftur milli fóðringa kl 18:00 úr 5 m³ af steypublöndu og fylltist upp milli fóðringa þegar dælt hafði verið um 4 m³ af steypu. Var steypingu fóðringar og borun þriðja áfanga þar með lokið. Borun þriðja áfanga tók 6 verkdaga.

Borun 4. áfanga.

Borun fjórða áfanga tók við án þess að tekið væri frí á bornum. Laugardaginn 12. desember var unnið við holutopp, holuflans skorinn af 10 3/4" fóðringunni og flans soðinn á 8 5/8" fóðringuna, 10" holuloka, millistikki, belggosvara (Hidril) og Grant gosvara komið fyrir og belggosvarinn prófaður. Sett var niður 6 3/4" borkróna. Steypan náði upp í 40 m innan í fóðringunni og hafði sigið um 22 m. Borun steypu hófst kl 16:00 laugardaginn 12. desember. Stungustykki með ventli var í 87,5 m og tók 7 tíma að bora það. Berg var lint frá 101-101,5 m og aftur frá 111-111,6 m. Aukinn hiti var á skolvatninu í 133,5 m og var holan kæld. Eftir íbætingu var skolhitinn kominn í 29°C þrátt fyrir utanádælingu. Borað var í 140,6 m og var því lokið kl 18:30 (mynd 8). Holan var kæld en aukið rennsli varð úr holunni þegar hætt var dælingu í gegnum borstreng. Belggosvari lokaði ekki fullkomlega að borstöngum (3 1/2") vegna bilunar og var því ekki hægt að þrýsta vatni á holuna og út í bergið. Skol kom allt upp. Prófað var að stoppa dælingu í gegnum borstrenginn en þá fór holan í gos eftir 15 mínútur. Holan var kæld gegnum borstreng með 5°C heitu vatni en upp kom 10°C skol. Gúmmí í Grant gosvaranum þetti ekki heldur (of vítt). Sett var tengi (subbur) inn í borstrenginn mánudaginn 14. desember kl 15:30 og gosvara lokað að honum (5 1/2" þvermál). Þrýst var um 6 l/s af vatni á holuna við 5,5-6 bara þrýsting til kl 11:00 þriðjudaginn 15. desember en þá var skift um gúmmí í Grant gosvaranum. Lokað var fyrir frárennsli frá holunni og tekið upp úr holunni og haldið 5 bara þrýstingi með ádælingu. Borkróna var dregin uppfyrir holuloka kl 15:30 holunni lokað og vöktum slitið. Mastur var fellt morguninn eftir, miðvikudaginn 16. desember kl 11:00. Borun fjórða áfanga tók 5 verkdaga með töfum.

Gufustreymi úr borsvæðinu.

Meðan á borun þriðja áfanga stóð varð algjört skoltap í holunni mánudaginn 7. desember kl 16:00 þegar bordípi var 58,5 m og hélst svo þar til fóðring var steypt föstudaginn 11. desember kl 10:30. Dælt var á holuna óslitið (um 90 tíma) og gleypti hún allt vatnið. Áætlað er að dælt hafi verið um 200 m³ af 5°C vatni ofan í svæðið áður en fóðringin var steypt. Allt gufustreymi upp úr svæðinu var hætt nema upp úr hliðarholunni við holu SG-10. Daginn eftir að steypingu lauk fór að örla á gufu upp úr svæðinu og við verklok gufaði svipað og áður upp úr svæðinu.

3. JARÐLÖG OG UMMYNDUN

Á meðan á borun holu HSH-15 stóð var svarfsýnum safnað á tveggja metra fresti þegar því varð komið við. Fyrsta sýnið er frá 4 m dýpi og nokkuð samfellt þaðan niður á 24 m, en vegna skoltaps í holunni fengust engin sýni fyrr en steypit hafði verið í lekann. Næsta samfellda sýnataka var frá 31 m niður í 58,5 m dýpi, en þar tapaðist allt skol á ný og var borað með algjöru skoltapi fyrir fóðringu niður á 98 m dýpi. Eftir fóðringu var samfelld sýnataka niður á endanlegan holubotn á 140,6 m dýpi. Mynd 12 sýnir jarðlögini, sem holan sker og ummyndun þeirra. Einnig eru sýndar þær vatnsæðar sem hægt var að staðsetja út frá skoltöpum í borun og ummyndunarsteindum.

Basalthraunlög eru einkennandi fyrir jarðlagastaflann eins og séð verður. Í efri hlutanum eru hraunlögini 2-4 m á þykkt, en þykkar breksíur eru á milli, oftast oxaðar. Einnig eru hraunlögini áberandi blöðrótt við jaðrana. Bergið er að jafnaði plagióklasdílótt og á rúmlega 20 m dýpi sjást einnig pýroxen- og ólivíndílar.

Bergið er ferskt niður á 12 -14 m dýpi en þar örðar á ummyndun og einnig sjást þar örfínir pýrit kristallar, sem gefur til kynna að H_2S hafi náð þangað upp. Annars verður pýrit mjög afgerandi á rúmlega 30 m dýpi og þar fyrir neðan en engar upplýsingar eru úr svarfi frá 24-31 m dýpi. Á rúmlega 20 m dýpi virðist leirmyndun vera að byrja í blöðrum bergsins. Lághita zeólítarnir kabasít og philipsít sjást efst, síðan koma stilbít, mordenít og vísbendingar um laumontít í neðstu metrunum. Neðan við 100 m greindist anhydrit, sem er vísbending um að salta kerfið hafi verið þar til staðar. Mikilvægust er bó tilvist kvars sem sést á 50 - 60 m dýpi og síðan á ný neðan 100 m dýpis. Það gefur til kynna hita um eða yfir $180^{\circ}C$ og var það síðan staðfest með hitamælingu í það minnsta neðan 100 m dýpis (mynd 10). Neðan 120 m dýpis varð sú breyting á basalthraunlögunum að bergið var allt orðið ummyndað eins og skýrt kom fram í litabreytingu á skoli og svarfi úr grásvörtu yfir í ljósgrátt.

Vatnsæðar og afstæð stærð þeirra er metin út frá skoltöpum og ummyndun. Æðin í 18 m dýpi gaus á borinn eftir að allt skolvatn tapaðist út í 23 m æðina. Þar neðan við voru skoltöp sem steypit var í og síðan fóðruð af með 10 3/4" fóðringu. Á 58,5 m dýpi tapaðist allt skol og var borað þannig fyrir 8 5/8" fóðringunni niður í 99,5 m dýpi. Æðarnar neðan við fóðringuna komu ekki beint fram í skolmælingum heldur varð vart við miklar breytingar í hita á skoli. Mikil aukning á ummyndunarsteindum varð á 110 - 112 m og 120 m og voru æðarnar staðsettar út frá því. Þær voru ekki stórar en með yfirþrystingi, sem olli vandræðum í borlok.

4. BORHOLUMÆLINGAR

Alls hafa 8 borholumælingar verið gerðar í tengslum við borun og upphitun holu HSH-15. Tafla 1 gefur yfirlit um mælingarnar.

Tafla 1: Yfirlit um mælingar í HSH-15.


Dagsetning	Mæling	Oracle númer	Dýptarbil m	Athugasemdir við mælingu
8. des. 92	Hiti	12653	0 - 93	Ádæling 20 - 30 l/s í stöngum
"	"	12654	93 - 93	" , beðið og skoðuð kólun
"	"	12655	93 - 0	" , mælt upp
"	"	12657	0 - 93	Ádæling > 30 l/s, eftir upptekt
"	Vídd	12658	0 - 93	"
21. des. 92	Hiti	12664	0 -139	Hola í blæðingu
4. jan. 93	þrýst.	12667	0 -138	"
"	Hiti	12668	0 -138	"

Mælingarnar frá 8. desember voru gerðar í tengslum við fóðrun holunnar í 98 m. Mælingarnar eru sýndar á mynd 9. Hitamælingarnar sýna að ádælingin náði allt niður í holubotn, sem var þá á 99 m dýpi. Mest af vatninu virðist þó fara út við æðina á 58 m dýpi, því neðan þess dýpis kemur smávægilegur stigull í hitann. Víddarmælingin sýnir að holan var tiltölulega slétt ef frá er talinn skápur við neðri enda fóðringar í 29 m.

Holan var síðan hitamæld tvívegis í upphitun eftir borun. Mynd 10 sýnir mælingarnar. Í fyrri mælingunni frá 21.des. 1992 nær holan hæst um 154 °C hita, en er svo komin í rúmar 190 °C í mælingu frá 4. jan. 1993. Þann dag var einnig gerð þrýstimæling á holunni og er hún sýnd á mynd 11. Þar sést að þrýstingur er nær fastur í 13 börum niður í 100 m, að brot kemur í ferilinn. Líklega er betta brot í raun á um 110 m dýpi þar sem aðalæð holunnar er. Neðan hennar situr þá vatn í holunni með um 850 kg/m³ eðlisþyngd en ofan við er gufa með um 13 bara þrýstingi. Það sýnir að um 2 bara yfirþrýstingur er í jarðhitakerfinu á um 110 m dýpi miðað við kalda vatnssúlu.

Frágangur holu og holutopps í verklok

Öll mál eru mm nema annars sé getið



ORKUSTOFNUN JHD



BORUN KÖNNUNARHOLU HSH-15 Í GUFUPÚÐANN Í SVARTSENGI

Mynd 2

Snið borholu og borhraði

1993-01-06 SBen

Snið borholu



ORKUSTOFNUN JHD

HOLUR SV-2, SV-3, SG-10, HSH 14 OG HSH-15Í SVARTSENGI

Mynd 3

Jarðlagasnið niður í 425 m dýpi


1993-01-05 SBen

JARDLAGASNIÐ OG ÆFÐAR

SKÝRINGAR: F  BASALT, FERSKT
 U  BASALT, UMMYNDÆT
 G  GRÓFKORNA BASALT


M		MÖBERG	BB
E.Sv		Ekkert svarf	
B		Basaltrík breksjá	

BLÖDRÖTT
BASALT



Borun holu HSH-15 í Svartsengi með Glaumi, 1992									
Úrvinnsla úr borskýrslum Jarðborana hf Borstjórar: Ólafur Guðnason/Bragi Óskarsson		TAFLA 2							
þversnið holu	Dags. dagur	Bortími	Bortæki	Vinnu áh.bors	Bordyp.	Borað	Borun	Ath.	
		VD	h	DV	NV	mm/dag	m/h		
Glaumur nov/des 92	Þri.24	1	2,0	32	22,4				
Flutningur bors	Mið.25	2	2,0	40	33				
Mastur reist, flutningur	Fim.26	3	7,0	24	22	6,2	0,35	Flutningur bors og tækjia	
Borun 15"	Fös.27	4	10,5	5,0	48	44	0,09	Mastur reist, bor stilltur af, flutn	
Borun, steyping						7		Borað frá 4m með 15" híkr og vatn	
								Steypt í hrun upp í 4,5 m(sem/sa)	
Borun, steyping	Lau.28	5	15,0	15"	11	24	8,8	0,16	
Borun	Sun.29	6	17,5	15"	16,5	12	8,8	Borað, steypt í hrun, borað	
Fóðrun, steyping, holu	Mán.30	7	8,0	14" fóðring	48	44	5,5	Boruð steypa, hart sprung, blaутg	
Holutoppur, borun 14"	Þri.01	8	19,0	12 1/4'	4	48	44	Fórun 14" 13,6 m og steyping	
Ádæling, steyping	Mið.02	9	18,5	12 1/4'	0	48	44	9,2 2,3 Holan í gos í 23,5 m, beðið dælu	
Steyping	Fim.03	10	1	12 1/4'	0	0	46	0 Fengin aukadæla og steypudæla, steypt	
Borun, steyping	Fös.04	11	18	12 1/4' 15,5	24	68	30,6	0 Sandsteypa 2 m3	
							7,1	0,46 Steypa frá 14-20 m, steypt 3 m3	
Borað með 15"									
borkrónu í 13,6									
m og fóðrað									
með 14" í 13,6 m									
og fóðringin									
steypt									
Borað m.12 1/4"									
borkr. í 30,6 m									
og fóðrað með 10									
3/4" í 28,8 m									
og fóðringin									
steypt									
Borað m. 9 7/8"									
borkr. í 99,5 m									
og fóðrað með									
8 5/8" í 97,4 m									
og fóðringin									
steypt									
Borað m. 6 1/4"									
borkr. í 140,6 m									

Athugasemdir: Töf á borun vegna yfirþrystigs í holu 1-2. des. samtals 29,5 tímars. Bilun á bor 9-10. des. samtals 36,5

þversnið
holu

Tafla 3 HSH-15 Bort

Borun holu HSH-15 í Svartsengi með Glaumi, 1992

Frá 24.nov. 92 til 2. des. 92

TAFLA 3

Frá 3. des. 92 til 16. des. 92

bls. 12

Dags	Verklýsing	Verk dagur	Bor klst	Örbún. klst	Ögr.t klst	Athugasemdir
24.nov.92	Flutningur bors og borbúnaðar	1	0	0		
25.nov.92	Mastur reist, flutningur borbúnaðar	2	13	0		
26.nov.92	Undirbúningur borunar, borun	3	15	0		
27.nov.92	Borun 15"	4	12	0		
27.nov.92	Steyping í hrún, borun	4	12	0		
28.nov.92	Borun 15"	5	12	0		
28.nov.92	Borun , hrún í holu, steyping	5	12	0		
29.nov.92	Borun 15"	6	12	0		
29.nov.92	Borun 15" í 14,3 m , skolun	6	12	0		
30.nov.92	Fóðrun með 14" í 13,6 m	7	12	0		
30.nov.92	Steyping 14" fóðringar, holutoppur	7	12	0		
1.des.92	Holut. öryggisb., borun 12 1/4"	8	12	0		
1.des.92	Borun 12 1/4", beðið eftir dælu	8	0,5	0	11,5	Beðið eftir ádælingardælu
2.des.92	Beðið eftir dælu	9	0	0	12	Beðið eftir ádælingardælu
2.des.92	Beðið eftir dælu, steyp. í leka 2 m3	9	6	0	6	Beðið eftir steypudælu
	Samtals frá 24. nov til 2. des.		143	0	29,5	
	Vaktir(bor)/sólarhringar(öryggisbúnaður)		12	0		
3.des.92	Steyping í leka, 33 pk	10	12	0		
3.des.92	Steyping í leka, 2 m3 sandsteypa	10	12	0		
4.des.92	Boruð steypa frá 14 m, 12 1/4"	11	12	0		
4.des.92	Boru, steyping 2+2 m3 sandsteypa	11	12	0		
5.des.92	Boruð steypa, frá 12 m, 12 1/4"	12	12	0		
5.des.92	Fóðrun 10 3/4", steyping	12	12	0		
6.des.92	Beðið hörðnunar steypu, holutoppur	13	12	0		
6.des.92	Holutoppur, undirbin borun	13	12	12		
7.des.92	Borun frá 14,5 m, 9 7/8"	14	12	12		
7.des.92	Borun 9 7/8", skoltap frá 58,5 m	14	12	12		
8.des.92	Borun 9 7/8", algjört skoltap	15	12	12		
8.des.92	Borun 9 7/8", mælingar, fóðrun	15	12	12		Borað í 99,5 m
9.des.92	Fóðrun 8 5/8" til 6:30, bilun á bor	16	10,5	10,5	1,5	Bilun á bor
9.des.92	Bilun á bor	16	0,0	0	12	Bilun á bor
10.des.92	Bilun á bor	17	0,0	0	12	Bilun á bor
10.des.92	Bilun á bor, fóðrun 8 5/8" framh.	17	1,0	1	11	Bilun á bor, efstu 13 m af 13 mm
11.des.92	Fóðrun 8 5/8" 197,7 m, kæling	18	12	12		
11.des.92	Steyping ,8 5/8" fóðringar	18	12	12		Steypt, neðan 10 m3, utan 10 m3
12.des.92	Beðið eftir hörðun steypu, holut.	19	12	12		
12.des.92	Holutoppur, borun frá 40m, 6 3/4"	19	12	12		
13.des.92	Boruð steypa, 6 3/4"	20	12	12		
13.des.92	Borun 6 3/4" í 140 m, kæling holu	20	12	12		
14.des.92	Dæling, öryggislokar loka ekki	21	0	0	12	Bilun í öryggisbúnaði
14.des.92	Dæling, öryggislokar loka ekki	21	0	0	12	Bilun í öryggisbúnaði
15.des.92	Dæling, öryggislokar loka ekki	22	0	0	12	Bilun í öryggisbúnaði
15.des.92	Dæling, skift um gummí, upptekt	22	7	7	5	Bilun í öryggisbúnaði lagf., holu lokað
16.des.92	Frágangur, mastur fellt, borlok	23	0	0	8	Mastur fellt kl. 11:00
	Samtals frá 3. des. til 16. des.		235	151	85,5	
	Vaktir(bor)/sólarhringar(öryggisbúnaður)		20	6,27		
	Samtals frá 24. nov. til 16. des.		377	151		
	Vaktir(bor)/sólarhringar(öryggisbúnaður)		31,4	6,27		

ORKUSTOFNUN JHD


BORUN KÖNNUNARHOLU HSH-15 Í GUFUPÚÐANN Í SVARTSENGI

Mynd 4

Fóðrun með 14" fóðringu,

1992-12-28 SBen

Borun 1. áfanga fyrir 14" yfirborðsfóðringu




Steyping fóðringar.

Reiknað steypumagn.

$$\begin{array}{rcl}
 l/m & \times & m = \text{lítrar} \\
 1. (114 - 99) & \times & 10,6 = 159 \\
 2. 114 & \times & 0,7 = 80 \\
 3. 90 & \times & 2,1 = 189 \\
 & & \text{samtals } 428 \\
 & & \text{umframmagn } 100\% \quad 428 \\
 & & \text{samtals } 856 \text{ lítrar} \\
 & & \text{steypt var úr } 1140 \text{ lítrum} \\
 & & (\text{Seypt úr 27 pokum af sementi})
 \end{array}$$

Borun 2. áfanga fyrir 10 3/4" öryggisföðringu




Steyping í leka í holu.

1. Leki var tvívegis þéttur með steypingum í holunni í borun. Fyrsta þéttin var þegar holan var 23,5 m djúp. Steypt var brívegis ofan frá. Fyrst úr 2 m³ úr steypubil. Eftir 4,75 tíma var steypt öðru sinni úr 33 pokum af sementi. Báðar þessar steypur hurfu. Þá var steypt í þriðja sinn úr 2 m³ af sandsteypu og sag sett með til þéttigar. Steypunni var dælt ofan frá með steypudælubil. Holan fylltist upp en steypan seig niður í 14 m á 11 tímum. Steypan náði frá 14 m niður í 20 m. Steypumagn var samtals: $2000+1385+2000=5385$ lítrar. Reiknað rúmmáls steypu í 12 1/4" holu er $76 \text{ l/m} \times 6 \text{ m} = 456$ lítrar. Umframmag vegna leka var því 4929 lítrar (10,8 falt).

2. Önnur þéttin var í lok borunar fyrir föðringu í 30,6 m. Steypt var tvívegis með sandsteypu ofan frá. Steypt var fyrst úr 2 m³ og náði steypan upp í 16 m. Steypt var tveim tímum síðar úr 1 m³ af sandsteypu og náði sú steypa upp í 4 m. Steypan seig í 12 m á 12 tímum. Steypunni var dælt ofan frá með steypudælubil. Steypa náði frá 14 m niður í 28 m. Holan var þétt. Steypumagn var samtals: $2000 + 1000 = 3000$ lítrar. Reiknað rúmmáls steypu í 12 1/4" holu er $76 \text{ l/m} \times 16 \text{ m} = 1216$ lítrar. Umframmag vegna leka var því 1784 lítrar (1,5 falt).

Borun 2. áfanga fyrir 10 3/4" öryggisfóðringu

1. Frá Steypudælu bors



Steyping 10 3/4" fóðringar.

Steypt var úr 5 m³ af steypublönu úr steypuból frá Steypustöð Grindavíkur og steypunni dælt í fóðringuna ofan frá (1). Steypa kom upp. Dælt var 600 lítrum af vatni á eftir steypunni svo ekki væri hætta á að vatnið ræki steypana út úr fóðringunni. Steypan seig 3 m í fóðringunni en ekkert milli fóðringa.

Steypublanda var:
4700 kg portlandsement
100 kg gel

50 kg perlusteinn
3000 lítrar vatn

Erfitt er að blanda steypulöguna í steypuból því gelið vill hlaupa í köggla.

Magntölur steypingar:
1. Eftirdæling 600 lítrar, 11,5 m í fóðringu
2. Steypa í fóðringu 14,3 m, 743 lítrar
3. Steypa í opinni holu 1,8 m, 137 lítrar
4. Steypa utan fóðingsr 15,2 m, 274 lítrar
5. Steypa mili fóðringa 13 m, 442 lítrar
Reiknað umframagn á liði 3 og 4, 411 lítrar
Samtals reiknað steypumagn 2007 lítrar
Steypt úr 5000 lítrum (um 2,5 falt magn).

þéttungasteypa 1 (Mynd 5)

þéttungasteypa 2 (Mynd 5)

ORKUSTOFNUN JHD


BORUN KÖNNUNARHOLU HSH-15 Í GUFUPÚÐANN Í SVARTSENGI

Mynd 7

Steyping 8 5/8" fóðringar

1992-12-28 SBen

Borun 3. áfanga fyrir 8 5/8" fóðringu



Steyping 8 5/8" fóðringar. Steypuáætlun.

Vegna algjörs skoltaps í holunni var ákveðið að steypa úr 10 m³ ofan frá gegnum fóðringuna og dæla aðeins 600 lítrum af vatni á eftir steypunni til að vatnið ræki ekki steypuna út úr fóðringunni. Síðan var áætlað að steypa ofan frá milli fóðrunga þar til bil milli fóðringa fylltist upp.

Steypublenda fyrir 5 m³ (bil) var:
4700 kg portlandsement

100 kg gel

50 kg perlusteinn

3000 lítrar vatn

Erfitt er að blanda steypulöguna í steypubil því gelid vill hlaupa í köggla.

Magnþölur steypingar:

1. Eftirdæling 600 lítrar, 32,3 m í fóðringu
2. Steypa í fóðringu 57,7 m, 1070 lítrar
3. Steypa í opinni holu 1,8 m, 89 lítrar
4. Steypa utan fóðringsr 68,9 m, 795 lítrar
5. Steypa mili fóðringa 28,8 m, 424 lítrar

Reiknað umframmagn á liði 3 og 4, 884 lítrar


Samtals reiknað steypumagn 3262 lítrar

Steypt var ofan frá (1) úr tveim bílum 10 m³ (um 3 falt reiknað magn). Ekkert kom upp.

Steypt var þrem tímum seinna milli fóðringa (2) úr 5 m³ af steypublöndu. Ekki fylltist upp. Loks var steypt fjórum tímum seinna milli fóðringa og fylltist upp þegar 4 m³ afði verið dælt niður. Steypingu var þar með lokið.

Steypumagn var því 19 m³ samtals eða 5,8 falt reiknað steypumagn.

Borun 4. áfanga með 6 3/4" borkrónu




þrýstingur á holu við upptekt var um 6 bör. Borstrengurinn var dreginn upp í gegnum Grant gosvarann undir þrýstingi. Frárennslisloki á frárennslí frá Grant lokaður. Dælt var á holuna með ádælingardælu.

Mælingar gerðar í holunni 4. jan 93.
Hitastig á holutoppi var 158 °C.
þrýstingur á holutoppi var 12 bör.
Hitastig í holubotni var 195 °C.

Hola 15 í Svartsengi

Víddar og hitamælingar gerðar 8.des.1992


Mynd 9




Mynd 10

 4 Jan 1993 grb
L= 16915 Oracle


Svartsengi, hola 15





SVARTSENGI
HOLA HSH-15
Jarðlög, vatnsæðar og jarðlög

Mynd 12



[] Fersklegt plag. dílótt basalt

[] Ummyndað fin-meðalkorna basalt

R : Raukt millilag

← : Lítill vatnsæð

R : oxáð

[] Basaltrík breksía

[] Blöðrótt basalt

← : Meðal vatnsæð

o : greint í smásjá

[] Svarf vantar

← : Stór vatnsæð

x : röntgen greining

VIÐAUKI I

FÓÐRINGERASKÝRSLUR JARÐBORANA HF

Glaums

VERK NR.	HOLA NR.	BORSTAÐUR		VERKKAUPI
	HSU-15	Svartsengi		Hitaveita Suðurnesja
VÍÐD HOLU	DÝPT HOLU	FÓÐRING NR.	FÓÐRUN FRAMKV. DAGS.	ÚTFYLLT
15"	14 m	1	1992.11.29-30	D.S.

FJARLÆGÐ KJALLARABRÚN – KRAGI					o,42 m
FÓÐRING	PVERM. UTAN	14"	INNAN	13 3/16"	
	GERÐ		PÝNGD		lbs/ft
	TENGI	soðin			
	NOTAÐ	13,82 m	FRÁ KRAGA	13,16 m	
	KRAGI(FLANGS)	13 5/8"	3000		
	SKÓR	o			
MIÐJUST.		o stk.	STEYPUT.	o stk.	
STEYPING	SEMENT			1350	kg
	SEMENT			o	kg
	ÍBL.EFNI		Vegsalt	60	kg
	ÍBL.EFNI			o	kg
	TAFAEFNI	o kg	EÐLISP. STEYPU	?	
	STEYPUTÆKI	Handhrært í tunnu			
STEYPINGARTÍMI			480	mín	
FRÁGANGUR	EFTIRDÆLING MAGN	o l	TÍMI	o	mín
	STEYPA KOM UPP		X JÁ	<input type="checkbox"/>	NEI
	DÝPI Á STEYPU UTAN RÖRA			o	m
	STEYPT UTAN MED EFTIR			o	h
	SEMENT	o kg	ÍBL.EFNI	o	kg
	SKORID OFAN AF EFTIR			o	h
STEYPA BORUD EFTIR			19	h	
DÝPI Á STEYPU Í RÖRI			11	m	
VERKTÍMI RÖR STEYPA TOPPUR TAFIR ALLS					
h <u>4,0</u> <u>9,0</u> <u>9,0</u> _____ <u>28,0</u>					
ATH. Holan var öll galopin eins og stórgrytis- urð og því var steypt í smáskömmum, 3-4 pk. í hvert sinn og sáldrað rauðamöl með til þéttigar.					

VERK NR.	HOLA NR.	BORSTAÐUR		VERKKAUPI
	HSH-15	Svartsengi		Hitaveita Suðurnesja
VÍDD HOLU	DÝPT HOLU	FÓÐRING NR.	FÓÐRUN FRAMKV. DAGS.	ÚTFYLLT
12 1/4"	30,60	2	1992.12.05.-06.	D.S.

FJARLÆGÐ KJALLARABRÚN — KRAGI				2,55 m
FÓÐRING	PVERM. UTAN	10 3/4" INNAN	10"	
	GERÐ	PYNGD	lbs/ft	
	TENGI	Soðin		
	NOTAD	31,93 m	FRÁ KRAGA	26,23 m
	KRAGI(FLANGS)	10" 3000		
	SKÓR	0		
STEYPING	MIÐJUST.	0 stk.	STEYPUT.	0 stk.
	SEMENT	4700	kg	
	SEMENT		kg	
	ÍBL.EFNI Bentonite	100	kg	
	ÍBL.EFNI Perlite	50	kg	
	TAFAEFNI	0 kg	EÐLISP. STEYPU	1,67
	STEYPUTÆKI	Blandað í bíl frá steyputstöð		
	STEYPINGARTÍMI		20	mín
	EFTIRDÆLING. MAGN	650	I TÍMI	5 mín
	STEYPA KOM UPP	<input checked="" type="checkbox"/> JÁ <input type="checkbox"/> NEI		
FRÁGANGUR	DÝPI Á STEYPU UTAN RÖRA		0	m
	STEYPT UTAN MEÐ EFTIR		0	h
	SEMENT	0 kg	ÍBL.EFNI	0 kg
	SKORÐ OFAN AF EFTIR		12,0h	
	STEYPA BORUD EFTIR		29,0h	
	DÝPI Á STEYPU Í RÖRI		14,5	m
VERKTÍMI		RÖR	STEYPA	TOPPUR
		h	5	11
				38,5
ATH. Fóðring og steyping tókust að öllu leiti mjög vel.				
05.82 20x30FDH				

RÖRATALNING		
LENGD	NR ¹⁾	ALLS m
1,21	1	1,21
6,89	2	8,10
6,66	3	14,76
6,85	4	21,61
4,62	5	26,23

VERK NR.	HOLA NR.	BORSTAÐUR		VERKKAUPI
	HSH-15	Svartsengi		Hitaveita Suðurnesja
VÍDD HOLU	DÝPT HOLU	FÓÐRING NR.	FÓÐRUN FRAMKV. DAGS.	ÚTFYLLT
9 7/8"	99,50	3	1992.12.08.-13.	D.S.

FJARLÆGÐ KJALLARABRÚN - KRAGI				2,50 m
FÓÐRING	PVERM. UTAN 8 5/8"	INNAN 204,9-193,1mm		
	GERÐ	ÞYNGD 26 - 44 lbs/ft		
TENGI	Soðin			
NOTAÐ	99,85 m	FRÁ KRAGA 94,95 m		
KRAGI(FLANGS)	10" 3000			
SKÓR	Stýriskór + Flotkollí			
MÍÐJUST.	0 stk.	STEYPUT.	0 stk.	
SEMENT		10.000 kg		
SEMENT		kg		
ÍBL.EFNI	Bentonite	200 kg		
ÍBL.EFNI	Perlite	100 kg		
TAFAEFNI	0 kg	EÐLISP. STEYPU 1,69		
STEYPUTÆKI	Dælt frá steypubílum			
STEYPINGARTÍMI		30 mín		
EFTIRDÆLING.MAGN	600 l	TÍMI 4 mín		
STEYPA KOM UPP	<input type="checkbox"/> JÁ <input checked="" type="checkbox"/> NEI			
DÝPI Á STEYPU UTAN RÖRA		60-100 m		
STEYPT UTAN MEÐ EFTIR		2 h		
SEMENT	10.000 kg	ÍBL.EFNI B100+P50 kg		
SKORÐ OFAN AF EFTIR		24 h		
STEYPA BORUD EFTIR		31 h		
DÝPI Á STEYPU Í RÖRI		40 m		
VERKTÍMI	RÖR	STEYPA	TOPPUR	TAFIR ALLS
h	19,5	6	6	50 113,5
ATH.	3 efstu rörin eru 12,5-13 m/m. veggþykkt			
	afgangurinn 7,1 m/m.			
Mikill leki var í holunni á bilinu 60 - 100 m.				
og var því steypt utanmeð í mörgum atrennum				
og lítið í hvert sinn og að lokum kom steypa				
upp og virtist mjög góð.				
Bilun í bortækjum alli töfunum og frost ollu				
einnig töfum. B= Þykk rör				

RÖRATALNING		
LENGD	NR ¹⁾	ALLS m
Þ 2,74	1	2,74
Þ 4,15	2	6,89
Þ 4,66	3	11,55
9,14	4	20,69
9,18	5	29,87
9,17	6	39,04
9,17	7	48,21
9,18	8	57,39
9,17	9	66,56
9,18	10	75,74
9,16	11	84,90
0,82	Float collar	85,72
9,15	12	94,87
0,08	Stýri skór	94,95

VIÐAUKI II

BORSKÝRSLUR JARÐBORANA HF

卷之三

BORSKÝRSLA VERKS NR. 1. VERKD. I.

ADKEYPT ABSTOD, EFNI, FLUTN (Hvað?)	SELJANDI (Hver?)	kr
YU 266	7.13.	
Draffs-odd með Læma	" "	

ATHUGA-SEMDIR	GREIDIST STARFSMÖNNUM	D	E	N	alls
	✓ Bragi Óskarsson	g		5/6	13/6
	✓ Olafur Guðnason	g		5/6	13/6
	✓ Björn Guðmundsson	g		5/6	13/6
	✓ Steinur M. Þórðar	g		5/6	13/6
Dags. 24.11.'92	Undirskrift borsjóra Bragi Óskarsson.			5/6	13/6

HØRSKÝRSLA VERKS NR. VERKD. 2

BORSKÝRSLA VERKS NR

Borrel	Glaumur	Borstrarur	Særtaður	Verklysing	Hola nr	Dags.	Virkud.
Fra	Til	K.L.M.	Nr		H.S.H. 15	25.11.62 min. i. el.	Skol
07.05	10.05	3.a		Fræstur og viðget á dættarbil f. B.			
16.05	13.05	3.c		Stangvarsgini komið frári og líft af konum þeirri o. fl.			
				Þot stólf um op meðan trúst			
13.05	17.05	4.c		Eldit til Rík. Þorsteinni tilbúið á vagn og flætt í frættsengi.			
